

Nð.

41. Tillaga

til þingsályktunar um aukna landhelgigæslu við innanverðan Faxaflóa, í nágrenni við Reykjavík.

Flutningsmenn: Hjeðinn Valdimarsson og Sigurjón Á. Ólafsson.

Neðri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að sjá um, að haldið verði úti á tímabilinu frá 1. ágúst til 1. nóvember, nú í ár og síðan ár hvert, sjerstökum gæslubát, til þess að vernda og líta eftir landhelginni við innanverðan Faxaflóa, í nágrenni við Reykjavík.

Greinargerð.

Á síðari árum er að rísa upp í Reykjavík útgerð lítilla vjelbáta, sem virðist eiga góð þroskaskilyrði fyrir höndum, ef að henni er hlynt. Bátæigendur og sjómenn kvarta mjög yfir yfirgangi innlendra og útlendra togara á grunnfiskimiðum þeim, sem næst liggja Reykjavík. Hafa þeir beðið flutningsmenn að koma máli þessu á framfæri, og fært ástæður til í sjerstöku fylgiskjali, undirrituðu af 38 formönnum og 3 öðrum bátæigendum, sem eru í Batafjelagi Reykjavíkur. Krafa þeirra er í alla staði sanngjörn, og getur það skorið úr um þroska smáútgerðarinnar í Reykjavík, hvernig tekið er í málið.

Fylgiskja!

Á fundi, sem haldinn var í Batafjelagi Reykjavíkur hinn 13. janúar s. l., var eftir áskorun margra manna, innan og utan fjelagsins, tekið fyrir til umræðu verndun bátáfiskimiða í grend við Reykjavík. Mál þetta hefir mikið verið rætt meðal sjómanna á opnum vjelbátum og árabátum, og allir verið á einu máli um það, að brýna nauðsyn bæri til að hefjast þegar handa til varnar yfirgangi innlendra og útlendra togara á grunnfiskimiðum þeim, sem liggja næst Reykjavík, og allir slíkir bátar hafa aðallega sótt afla sinn á. Virðist oss, sem að þessu erindi stöndum, að yfirgangur togaranna sje svo mikill á þessum grunnmiðum, að smábátáutgerðin verði dauðadæmd innan skamms, ef þetta ástand helst áfram óbreytt.

Fiskimið þau, sem smábátarnir aðallega stunda veiðar sínar á, eru innnvert við Seltirningamið, og hagar svo til á því svæði, að fiskimiðin liggja að nokkru leyti innan og öðru leyti utan landhelginnar, og stunda togararnir þar einnig veiðar, og eiga mjög hægt með að skjótast inn fyrir landhelgi, þar sem þeir sjá til allra báta og allra skipa á alla vegu. Hafa togararnir einnig notað sjer það óspart, og munu mörg dæmi til þess, að þeir fylgi smábátunum eftir, þegar þeir eru á landleið, þannig, að þegar síðustu bátarnir eru komnir að landi, heldur fyrsti togarinn inn fyrir línuna. Að nóttu til, þegar dimmast er, toga botnvörpungarnir alla leið inn að Akureyjarbauju, og munu þess einnig dæmi, að þeir togi alveg upp að landi undan Kjalarnesi.

Af þessu öllu má berlega sjá, hversu smábátáutgerðarmenn eiga mikið í hættu, þegar þeir leggja þorskanet eða önnur dýr veiðarfæri í námunda við eða fyrir innan landhelgislínuna á þessu svæði. Þetta hefir og orðið til þess, að smábátæigendur hafa alls ekki viljað eiga það á hættu að tapa öllum veiðarfærum sínum á einni nóttu, með því að leggja þau í sjó á þessum sviðum, jafnvel þó að þeir viti fyrir víst, að þar væri gnægð fiskjar að fá, ef veiðarfærin hjeldust þar í friði hæfilegan tíma.

Hjéðan frá Reykjavík ganga til veiða að staðaldri um 40 vjelbátar (opnir), þegar árabátum er slept, og mun óhætt að fullyrða, að bátar þessir með veiðarfærum sjeu að verðmæti um kr. 200000.00. Þegar bátafjöldi þessi, verðmæti þeirra

og veiðarfæranna, eru borin saman við fjölda þeirra báta, verðinæli þeirra og veiðarfæra, sem stunda fiskiveiðar úr Gardinum á Reykjanesi, þar sem höfð er sjerstök landhelgisgæsla á kostnað ríkisjóðs vissan tíma hvers árs, þá virðist það aðeins sjálfsgöð sanngirniskrafa, að komið verði á af ríkinu sjerstökum landhelgisvörnum hjer við innanverðan Faxaflóa, til hagsmuna fyrir smábátæigendur hjer í bænum.

Vjer teljum ekki ástæðu til þess að færa mikil frekari rök fyrir þeim auðsæju sannindum, að það myndi stórlega efla hag og öryggja atvinnu smábátæiganda hjer í bænum, ef takast mætti að friða fullkomlega grunnmiðin í nánd við Reykjavík fyrir ágengni togaranna, bæði hjerlendra og erlendra. Þegar atvikin hafa hagam því þannig til á einstökum tímum undanfarinna ára, að togararnir hafa lítið sótt upp á þessi grunnmið, hefir afli smábátanna hjeðan úr bænum orðið stórum mun meiri og afkoma þeirra betri og öruggari. En á síðustu tímum befir ágengni togaranna á þessum grunnmiðum farið í vöxt og gert smábátæigendum þungar búsisfjar. Þannig hafa erlendir togarar fengið íslenska leiðsögumenn, sem leiðheint hafa þeim á grunnmiðunum, og segja má einnig, að það sje orðið orðtæki meðal sjómanna á togurunum íslensku, að hvergi við Ísland sje jafnörugt að veiða í landhelgi eins og í nánd við Reykjavík. Afleiðingar þess munu og vera að koma í ljós á þann háskalega hátt, að fiskiþurð fer vaxandi hjer í Faxaflóa, eins og bent hefir verið á af fiskifræðingnum próf. Smith.

Við svo búið má því ekki standa til lengdar, þegar í veði er afkoma smáútgerðarinnar hjer í bænum, og grunnfiskimiðin í yfirvofandi hættu stöðð fyrir bráðri eyðileggingu af völdum togaranna.

Á fundi þeim, sem fyr um getur og haldinn var í Bátafjelagi Reykjavíkur, voru allir á einu máli um það, að leita þyrfti verndar fjárveitingarvaldsins til úrlausnar þessu máli.

Vjer, sem undir þetta skjal skrifum, leyfum oss því hjer með að snúa oss til háttvirts Alþingis með beiðni um það, að það veiti styrk til þess, að haldið verði úti sjerstökum gæslubát á tímabilinu frá 1. ágúst til 1. nóv. ár hvert, til þess að vernda og líta eftir landhelginni hjer við innanverðan Faxaflóa, í nágrenni við Reykjavík.

Treystum vjer hinu háa Alþingi til alls hins besta í þessu efni og vonum, að þessari sanngjörnu málaleitun vorri verði vel tekið.

Reykjavík, í febrúarmánuði 1929.

Virðingarfylst.

Stjórn Bátafjells Reykjavíkur.

Albert Þorvarðarson, formaður. Haraldur Jónsson, ritari.

Ásmundur Einarsson, meðstjórnandi.

Albert Guðjónsson, Árni Jónsson, Jón Benediktsson, Kristinn Símonarson, Ólafur Ólafsson, Þjetur E. Þórðarson, Lárus Jónsson, Einar Sigurðsson, Sigurður Þorsteinsson, Guðm. Árnason, Guðjón Guðmundsson, Helgi Guðmundsson, Gísli Guðmundsson, Sigvaldi Sveinbjörnsson, Jón Þorkelsson, Vilhjálmur Jónsson, Guðmundur Jónsson, Steingr. Steingrímsson, Hafliði Hafliðason, Jón Í. Jónsson,

Jón V. Guðvarðarson, Sigurður Ásgeirsson, Jón Á. Jónsson, Sigurður V. Sigurðsson,
Jón O. Jónsson, Ólafur Einarsson, Kristinn Ottason, Þórður Pjetursson, Magnús
Þórarinnsson, Þórður G. Sigurðsson, Símon Ólafsson, Ólafur Ólafsson, Öaundur
Jósepsson, Guðjón Bjarnason, Árni Jónsson, Jón Jónsson, Eiríkur Torfason,
Guðmundur Helgason.

Til Alþingis